



Bæjarstjórn Reykjaneshafnar,  
b/t Kjartan M Kjartansson,  
Tjarnargötu 12,  
230 Reykjanesbæ.

**583. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar - „Fyrirspurnir til hafnarstjórnar Reykjaneshafnar – óskað er eftir að þær fari í fundargerð og verði bókaðar og þeim verði svarað sem fyrst á vettvangi bæjarstjórnar.“**

1. Hverjar eru skuldir Reykjaneshafnar 1. janúar 2020?

Svar: Skuldir og skuldbindingar Reykjaneshafnar eru 1. janúar 2020 kr. 4.227.645.913.-.

2. Í fundargerð frá 20. febrúar s.l. kemur fram að endurfjármagna eigi langtímaskuldir hafnarinnar, hvað eru þær háar?

Svar: Endurfjármögnunin nærir til krafna Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. á hendur Reykjaneshöfn að upphæð 31.12.2019 kr. 863.234.681.-

3. Hvað eru skammtímaskuldir hafnarinnar háar?

Svar: Skammtímaskuldir Reykjaneshafnar eru 31.12.2020 kr. 357.465.331.-

4. Á sama fundi var veitt heimild til að taka skammtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til að mæta fjárförf til greiðslu afborgana á skuldbindingum gagnvart sjóðnum meðan endurfjármögnun þeirra skuldbindinga liggur fyrir. Hver er upphæð þessa láns?

Svar: Viðkomandi lánaþyrirgreiðsla var kr. 67.000.000.-.

5. Vofir greiðslufall yfir Reykjaneshöfn komi þessi lánveiting ekki til?

Svar: Reykjaneshöfn er b-hluta fyrirtæki í eigu Reykjanesbæjar og rekin samkvæmt Hafnarlögum nr. 61/2003. Sem eigandi hafnarinnar ber Reykjanesbær ábyrgð á skuldbindingum Reykjaneshafnar samanber. 16. gr. laganna. Greiðslufall verður því ekki hjá Reykjaneshöfn.

6. Hvað greiddi höfnin í vexti af lánum 2019, 2018, 2017, 2016 og 2015?

Svar: Samkvæmt rekstrarreikningum Reykjaneshafnar fyrir viðkomandi ár voru niðurstöður fjármagnsliða, þ.e. vaxtatekna, verðbóta og vaxtagjald eftirfarandi:

2015	kr.	-388.205.517.-
2016	kr.	-417.499.747.-
2017	kr.	-530.656.938.-
2018	kr.	-348.442.135.-
2019	kr.	-55.257.629.-
Samtalskr.		-1.740.061.966.-

7. Hverjar voru tekjur Reykjaneshafnar 2019, 2018, 2017, 2016 og 2015?

Svar: Samkvæmt rekstrarreikningum Reykjaneshafnar fyrir viðkomandi ár voru rekstrartekjur eftirfarandi:


2015	kr.	250.915.958.-
2016	kr.	322.607.424.-
2017	kr.	371.542.258.-
2018	kr.	354.073.412.-
2019	kr.	270.138.086.-
Samtalskr.		1.569.277.138.-




8. Er unnið að leiðum til að auka tekjur Reykjaneshafnar, ef svo er hverjar eru þær?


Svar: Ávallt er unnið að leiðum til að auka tekjur Reykjaneshafnar. Stjórn Reykjaneshafnar hefur þá stefnu að upplýsa sem minnst um þá vinnu fyrr en viðumandi árangur liggur fyrir. Það er þó opinbert að Reykjaneshöfn er í samstarfi við Reykjanesbæ og Markaðsstofu Reykjaness við að markaðssetja Keflavíkurhöfn sem ákjósanlegan viðlegustað fyrir minni skemmtiferðaskip.


Reykjanesbær 11. júní 2020,  
í Stjórna Reykjaneshafnar,

  
Hjörtur M Guðbjartsson formaður

  
Hanna B Konráðsdóttir varaformaður

  
Kristján Jóhannsson meðstjórnandi

  
Sigurður Guðjónsson meðstjórnandi

  
Úlfar Guðmundsson meðstjórnandi